



I-707-VGBI

VIÐSKIPTAGREIND

6 ECTS

Ár:	Námskeiðið er kennt í tölvunarfræðideild 3. - 4.ár (lokaár BSc eða fyrsta ár MSc).
Önn:	Vorönn.
Stig námskeiðs:	3. Grunnám, sérhæft námskeið / 4. Framhaldsnám, inngangsnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Valnámskeið fyrir allar námsbrautir í BSc og MSc verkfræði.
Undanfarar:	Engir undanfarar.
Skipulag:	Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.
Umsjónarkennari:	Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.

Lærdómsviðmið:

Þekking:

- Þekki hugtakið viðskiptagreind og geti fjallað um það út frá fræðilegu, tæknilegu og viðskiptalegu sjónarmiði.
- Skilji uppbyggingu viðskiptagreindarlausna, mikilvægi á notkun viðskiptagreindar í viðskiptalífinu og mismunandi tilgang ýmissa verkfæra sem eru notuð í viðskiptagreind.

Leikni:

- Geti hannað og sett upp gagnalíkön.
- Geti skilgreint þrepavíddir.
- Geti unnið með mæleiningar og mælikvarða og greint þar á milli.
- Geti notað einföld DAX föll við gagnauðvinnslu.
- Geti sett upp greiningar og skýrslur í Microsoft Excel. Geti notað greiningarverkfæri til að svara ýmsum rekstrarlegum spurningum.
- Geti skilgreint hæfnisetur (BICC) og mótað stefnu fyrir fyrirtæki í viðskiptagreind.

Hæfni:

- Geti byggt upp gagnalíkan, búið til greiningar og veitt ráðgjöf varðandi framsetningu gagna.

Lýsing:

Í viðskiptaheiminum í dag er ekki hægt að byggja ákvarðanir einvörðungu á tilfinningu og persónulegum gögnum. Hraðar breytingar á kröfum viðskiptavinarins, ótakmarkaður aðgangur markaðarins að upplýsingum, að takast á við samkeppni og tækniþróun gerir það að verkum að fyrirtæki verða að nýta sér kerfi til að aðstoða þau við ákvarðanatöku. Viðskiptagreind og önnur kerfi sem notuð eru til að aðstoða við ákvarðanatöku hafa þróast mikið og eru notuð á breiðari grunni en áður. Þetta námskeið kynnir fyrir nemendum heim viðskiptagreindarinnar og hvernig hún er skilgreind fræðilega og hagnýta notkun hennar. Nemandinn mun læra að finna, meta, setja upp og birta upplýsingar á mismunandi hátt, með áherslu á viðskiptastjórnun, kostnaðarstjórnun, ýmis konar áætlanagerð og rekstrarstjórnun.

Lesefni, kennsluáðferðir, námsmat: Upplýsingar verða birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.

Tungumál: Íslenska/Enska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluáðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvernar annar.